# Samningur um snjómokstur í Sveitarfélaginu Ölfus.

**1. Grein**
Samningur þessi er gerður milli Sveitarfélagsins Ölfus kt.420369 7009 annars vegar sem hér eftir nefnist verkkaupi, og **Garpar ehf, kt. 560792-2559** hins vegar sem hér eftir nefnist verktaki. Gildistími samnings er tímabilið 01 janúar 2015 til 15. apríl 2018 Engin vinnuskylda er þó frá 1. maí til 15. október ár hvert. Hvor aðili fyrir sig getur sagt upp samningnum eftir 1. maí 2015, 2016 eða 2017 ef verulegar breytingar verða á högum verktaka eða ef verkkaupi (Sveitarfélagið Ölfus eða báðir aðilar) eru ekki ánægðir með framkvæmd og samvinnu við verktaka. Uppsögn skal vera skrifleg og hafa borist hinum aðilanum eigi síðar en 15. júní 2015, 2016 eða 2017 að öðrum kosti gildir samningurinn áfram út samningstímabilið. Nóg er að Sveitarfélagið Ölfus óski eftir að rifta samningi, til þess að það gangi eftir.

**2. Grein**
Verktaki skal framkvæma snjómokstur á vegum í sveitarfélaginu, samkvæmt meðfylgjandi lista. Verktaki skal hafa opnað neðangreindar leiðir sem falla að skólaakstri fyrir kl. 7 að morgni þá daga sem mokað er. Mokstur í samræmi við sorphirðudagatal í dreifbýli Ölfus. Gámaþjónustan skal tilkynna verktaka um etv breytingar á sorphirðudögum. Verktaki metur hvort moka skuli fyrir sorphirðuna ef snjóað hefur mikið fyrir þá daga. Verktaki skal fylgjast með því í samráði við sveitarfélagið og meta hvort þörf er á mokstri. Telji verktaki/sveitarfélagið þörf á að moka, umfram það sem kveðið er á um í samningi er verktaka/sveitarfélaginu er heimilt að kalla eftir mokstri. Verktaki getur hafið moksturinn að morgni og gert grein fyrir hönum eftir kl. 08:00 við Sveitarfélagið Ölfus í síma 480-3800/ 863-0920. Alla virka daga frá 07.30 til 18.00 er svarað í síma 862-0920. **Meðan á mokstri stendur skal verktaki vera í góðu sambandi við vaktmann hjá Vegagerðinni og miðla upplýsingum um færð og veður í síma 522-1369.**
**Megin markmið snjómoksturs er að koma börnum í skólann á réttum tíma, moka á sorphirðudögum í dreifbýli Ölfuss og greiða um leið akstursleiðir þeirra sem þurfa til vinnu.**
**Ef snjór er það mikill að erfiðlega gengur að opna vegina skal verktaki hafa rétt til að koma með fleiri tæki til að flýta mokstri. Ekki er mokað þegar veður er þannig að það feni jafnóðum í för.**

**3. Grein**
Greiðslur fyrir snjómokstur fara fram hálfsmánaðarlega og skulu grundvallaðar á dagseðlum sem verktaki skal skila til sveitarfélagsins til samþykktar í lok hvers vinnudags eða í síðasta lagi að morgni næsta dags á eftir. Greitt verður fyrir tíma sem snjómoksturstæki er í notkun.
Verði misbrestur á að verktaki skili dagseðlum áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna greiðslu fyrir þá daga sem dráttur hefur orðið á skilum.

**4. Grein**
Umsamin einingaverð eru sem hér segir og eru verð með manni og vsk;

**5. Grein**
Reikningar verða verðbættir miðað við byggingarvísitölu sem gildir í upphafi þess tímabils sem innheimt er fyrir.

Fyrsta endurskoðun 1. október 2015.

gk

Byggingarvísitala, reiknuð af Hagstofu Íslands er 120,9 stig fyrir janúar 2015 og skulu einingarverð í tilboði miðast við þá vísitölu.

Verðbætur falla niður verði vísitalan lægri en viðmiðunarvísitala á viðkomandi tíma.

Verðbætur reiknast einu sinni á ári með eftirfarandi hætti
Á tímabilinu 1.janúar 2015 – 1. nóv. 2015 verða ekki greiddar verðbætur
Á tímabilinu 1. nóv. 2015 – 1. nóv. 2016 hækka samningsverð í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu miðað við október 2015.
Á tímabilinu 1. nóv. 2016 – 15. apríl 2017 hækka samningsverð í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu miðað við október 2016.
Á tímabilinu 1. nóv. 2017 – 15. apríl 2018 hækka samningsverð í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu miðað við október 2017.

F.h Sveitarfélagsins Ölfus

2/2 2015

F.h Verktaka

Garpar ehf
Þorsteinn Hannibalsson
Reykjakot II

Vitundarvottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

170257-4819

150952 2359

Listi yfir vegi sem moka skal:
Skólaakstur Gufudalur, Vötn, Núpastígur 1 og 3, Hraunstígur 1a, Hraun, Hlíðardalsskóli.
Þar geta breytingar komið ef fleiri börn koma á skólaaldur eða ef börnum fækkar.

Sorphirðudagar að öllum íbúðahúsum sem eru með fasta búsetu frá Reykjakoti, Brúarhvammsveg, Bæjarþorpið og að Litlalandi.

Vegir sem tilheyra Vegagerðinni. Reikningur til Vg sem síðan sendir á sveeitarfélagið:
Bæjarþorpsvegur, Hjalli að kirkju, Lækur, að greiningu að fyrsta bæ, Hraunsvegurinn, Hlíðarendavegur, Hlíðardalsskóli.